

C Q T F



Á 60 ára afmælisfagnaði Í.R.A. voru 4 félagar gerðir að heiðursfélögum. Þeir Ólafur TF3MX, Stefán TF3S, Kristþór TF3TF, sem eru hér ásamt formanni, og Haraldur TF3A sem því miður var ekki viðstaddur.

Myndina tók Jón Gunnar Harðarson TF3PPN

Í þessu blaði

5. tbl.
24. árg.
des. 2006



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Frá afmælishátíð	4
Fundargerðir stjórnarfundna	5
60 ára afmæli Í.R.A.	6
CQ WW RTTY 2006	10
Keppnismál	12
Þankastrik	13
Fánasjóður Í.R.A.	13
Spurt og svarað í CQ TF	14
CQ WW SSB og CW 2005	15
TF3HS Silent Key	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu*
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.*
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmætahjónaraudlind.*
- Stuðla að öflugri áskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradió meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2006-2007 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Hrafnkell Eiríksson TF3HR
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN
Varam.: Þór Magnússon TF3TON
Varam.: Jón G. Harðarson TF3PPN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverjum fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar.

Sé klúbburinn „Ég keypti mér loftnet og það er úti skúr“ til þá gerðist ég örugglega heiðursfélagi í honum daginn þegar ég keypti mér fimm loftnet á einu bretti og þau eru öll úti skúr.

Það vantar þó ekki að háleitar eru hugmyndirnar um að koma þessu í not og það frekar fyrir en seinna. Tvö billoftnet bættust í safnið annað fyrir VHF og hitt fyrir VHF/UHF þannig nú

þarf að smíða festingu á bilinn sem þolir loftnet sem er ríflega 2,5 metrar á lengd því ekki treysti ég toppnum á bilnum fyrir þessu. Þessi loftnet eru þannig að mjög auðvelt er að skipta um net og tekur það aðeins augnablik sem er kostur því ekki eiga þau að vera bæði á bilnum í einu. Þriggja elementa yagi á sex metrum bættist einnig í safnið og er ætlunin svona með vorinu svona þegar snjóa leysir að setja hann upp í turninn á strompinum fyrir ofan gamla góða FB-33 Fritzel HF yagan en til þess þarf að taka rörið niður og lengja það um eina 2-3 metra. Þetta verður ágætis tækifæri til að yfirfara Fritzel gamla sem ekki hefur verið lítið á í ein 10 ár eða svo. Ég komst að því að Fritzel er hættur en hægt er að fá alla hluti í loftnetin og sjálfsagt ný loftnet frá www.hofi.de. Ég hafði samband við þá og fékk það svar að þeir ættu allt í þessi loftnet. VHF/UHF vertical húsloftnet bættist einnig í safnið og ætlunin að það fari á rörið ofan við yagana en þetta loftnet þarf ekki radiala og hentar því ágætlega í svona uppsetningu. Þetta loftnet kæmi í staðin fyrir Husler billoftnet sem er búið að þjóna mér dyggilega í áraaðir. Nú þetta þýðir nýjan kóax í allt saman og er ég búinn að leggja inn þöntun hjá Yngva í eina 100 metra af BuryFlex kapli ásamt tengjum og tilheyrandi. Væntanlega verður síðan nýtt sendivíðtæki komið í hús fyrir vorið en ekki er endanlega ákveðið hvornig tæki það verður en það verður þó að hafa möguleika á 6 metrum samanber áður nefnd loftnetakaup. Nú síðasta loftnetið er 3 elementa VHF/UHF yagi sem að vísu hefur ekki nein fyrirséð verkefni nema að vera ágætis ferðalofnet enda er það lítið og nett og auðvelt að halda á því og gæti því verið ágætt til að tengja við til dæmis handstöð. Læt þetta duga að sinni um loftnetakaup.

Ég vil nota þetta tækifæri til að óska öllum félögum Í.R.A. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

73 de TF5BW

CQ TF desember 2006

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Nú er afmælisárið næstum því liðið. Viss vonbrigði eru að ekki væri notað meira af afmælis kallmerkinu TF60. Sjálfur notaði ég það á ferðalögum hér innanlands bæði sem DX-kall og eins á 80 metrum innanlands.

Hefði getað notað það meira. Eins var þetta notað sem “contest“ kallmerki. Nokkur þúsund TF60IRA kallmerki, eins var það notað um vitahelgina í enda ágústmánaðar.

60 ára afmælisátíð var haldin í september og mættu þar rúmlega 60 man. Formaður lýsti þar kjöri nýrra heiðursfélaga en þeir eru Haraldur Sigurðsson TF3A, Ólafur Guðjónsson TF3MX, Stefán Þórhallsson TF3S og Kristþór B. Helgason TF3TF. Var þeim afhent gullmerki félagsins og heiðurskjal því til staðfestingar. Allir þessir heiðursmenn eru félagsmönnum að góðu kunnir og hafa starfað að málefnum radióamatöra í marga áratugi þó svo að kannski hafi þeir ekki verið á fullu í “loftinu.” Ég vil nota þetta tækifæri og óska þeim enn og aftur til hamingju með þennan heiðurstítil.

Gjafir voru okkur gefnar. Stefán TF3SA færði félaginu FRITZEL 4 banda stefnuvirkta loftnet og Kristþór TF3TF færði okkur magnara eins og þann sem við eigum í félagsheimilinu

Það hefur verið skoðun okkar amatöra nú í langan tíma, að okkur væri heimill innflutningur á radiótækjum og efni sem ekki væri með CE merkingu. Flest amatörtæki sem hafa verið flutt inn frá U.S.A. hafa ekki verið með slíka merkingu, hefur þessi innflutningur verið afgreiddur bæði fljótt og vel. Nú í haust bar svo við að starfsmenn hjá P&f hafa neitað

að afgreiða slík tæki og gefið þá skýringu að sum þessi tæki væri ekki gerð fyrir amatörnotkun og ættu því ekki að fá innflutningsleyfi. Ég bað því 3 félaga okkar að ganga á fund þeirra P&f manna til þess að koma þessum málum á réttan kjöl því það var og er okkar skilningur að við eigum rétt á þessum innflutningi. Við höfðum samband við aðildarfélög amatöra í nágrannalöndum og þá kom í ljós að tæki sem væru innflutt af amatörum til amatöra afnota væri í flestum tilvikum í lagi.

Ekki hefur enn fengist endanleg niðurstaða en ég held að það verði fljótlega. Hitt er svo annað mál sem hefur nokkuð oft verið rætt um við mig og það er það að hver og einn getur farið og keypt sér stöðvar sem eru framleiddar fyrir amatöra og seljandinn breytir þeim síðan fyrir kaupandan og þá mætti halda að þar með væri upphafið þessi margumrædda CE merking því tækið væri ekki eins og það var innflutt. Því finnst mér rétt að áréttta það hér og nú að tæki sem við fáum að flytja inn í landið sem amatörtæki má ekki breyta og nota á öðrum tíðnum en amatörtíðnum, jafnvel þó svo að auðvelt sé að komast yfir upplýsingar um það hvernig maður eigi að bera sig að.

Almennur félagsfundur var í félagsheimilinu þann 16. nóvember um kallmerkjasvæðin og hvernig á að ákveða NÚLL svæðið TF3KB hélt tölu um það hvernig svæðið var sett upp á sínum tíma og hvað var haft þar til hliðsjónar Þriggja manna nefnd var skipuð til að gera tillögur um framtíðarskipulag

Að endingu vil ég ágætu amatörar óska ykkur farsældar á nýju ári, og hafið þökk fyrir árið sem er að líða.

73 de TF3HP Haraldur Þórðarson

Frá afmælishátíð

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Ágætu gestir og félagar í Í.R.A. Í tilefni 60 ára afmælis Íslenskra radióamatöra bið ég ykkur velkoninn á þennan fagnað. Félagið var stofnað þann 14 ágúst 1946 en það sama ár var sett í fyrsta sinn reglugerð

um starfsemi radióamatöra.

Stofnfundurinn var haldinn í Odd-fellowhúsinu og er mér sagt að þar hafi komið saman hátt í 300 manns. Fyrsti formaðurinn var kosinn Einar Pálsson. Hann fékk síðan, þegar leyfisbréf voru gefinn út, leyfi nr. 1 og einnig kallmerkið TF3EA.

Radóamatörar settu sér þá þegar reglur félagsins til að fara eftir og þar á meðal var sú regla að allir sem vildu láta kalla sig radióamatöra skuldbundu sig til þess að hætta að senda á þeim tíðnum sem ekki voru samkvæmt reglugerðinni. Til að útskýra þetta verður að geta þess að áður fyrr voru menn að senda á Pírata tíðnum ekki endilega við aðra en amatöra enda var það nú svo að amatörar í nágrennalöndunum fengu mun fyrr leyfi en við hér á landi. Hvað var þess valdandi veit ég ekki.

Enn eru félagar á meðal okkar sem voru á fyrsta fundinum og voru skráðir sem stofnfélagar. Því miður fer þeim fækkandi sem vita um fyrstu árin. Því miður eru fundargerðir frá fyrstu árunum glataðar en elsta fundargerðarbókin sem við höfum hér er frá árinu 1953 og nær til ársins 1969 og liggur hún hér á hliðarborði.

Fyrstu árin var aðild að félaginu skilyrði til þess að fá amatörleyfi en sem betur fer var það aflagt uppúr 1970. Var það ekki síst að þakka samstarfi félagsins og Póst og Síma að þetta atriði fékkst fellt

niður. Frá fyrstu tíð hafa samskipti okkar við þá verið til fyrirmyndar. Vitanlega er það þannig ekki hafa allar okkar ýrtruðu óskir verið uppfylltar í fyrstu umræðu en með tímanum hafa þær komið fram og gjarnan hafa þær breytingar sett okkur í fremstu röð.

Ekki eru mörg ár síðan meiriháttar breytingar voru gerðar á reglugerðinni sem eru nú að skila sér í meiri nýliðun hjá okkur. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist eigum við langan lista eftir með okkar óskum. Í.R.A. hefur lengi verið í samstarfi við amatörfélög í Evrópu og einnig átt gott samstarf við þau félög sem eru utan okkar svæðis og hefur fulltrúi okkar sótt helstu ráðstefnur þar að lútandi. Þrátt fyrir að nú hin síðustu ár hafi IARU dregið úr styrkjum til aðildarfélaganna þá hefur okkur tekist að kljúfa þann kostnað sem því fylgir.

Hvað varðar húsnæðismál félagsins eru þau í þeim sama farvegi sem þau hafa lengi verið og á ég þar við að við höfum átt langt og gott samstarf við ITR. Á Frikirkjuvegi 11 í allmörg ár síðan að Vesturgötu og við Rauðavatn, Þróttheima og nú síðast við Skeljaveg og heyrta hef ég í gömlum félögum sem telja það húsnæði vera það besta sem við höfum haft.

Hér á hliðarborðum eru nokkur gömul tæki, ýmist í eigu félagsins eða félaga okkar sem hafa verið svo vinsamlegir að lána okkur þau til að hafa þau hér í dag. Því miður er ekki sendir Þorsteins á Seyðisfirði en það tæki er það sem var fyrst smíðað hér á landi. Þó ekki hafi smíðurinn haft amatörpróf en það kom seinna.

Ágætu gestir og félagar ég ætla ekki halda þessu lengur áfram en vil skipa TF3JA Jón Þórodd sem veislustjóra og bið menn að snúa sér til hans ef þeir finna hjá sér þörf til þess að taka til máls.

Fundargerðir stjórnarfunda

Hrafkell Eiríksson TF3HR



TF3HR

Stjórnarfundur í ÍRA 7.
sept. 2006

1) Þanta þau gullmerki sem vantar eftir afmælishátíðina svo og útbúa heiðurs skjöl.

2) TF3HR upplýsti að en væri verið að vinna í

smíði festingar fyrir HF loftnetsturn við skorstein.

3) Upp er kominn núningur milli PoF og ÍRA v/ innflutnings á ó-CE merktum tækjum til amatör nota. Mikil stefnubreyting að amatörum sé ekki treyst. Ritari mun senda félögum í nágrannalöndum fyrirspurn um innflutning á slíkum tækjum í viðkomandi löndum.

4) TF3AO sagði frá heimsókn til LARC

5) TF3AO lagði til kaup á stigafæddu doublet neti til nota í ferðum og vitahelgi. Samþykkt.

6) TF3AO sagði frá rukkun fyrir endurvarpa sem var ekki skv. samkomulagi.

7) TF3PPN segir verð á QLS buro þjónustu of lágt og sýndi útreikninga því til staðfestingar. Verð hækkað í 4 kr./kort.

8) Skipt verður um endurvarpabúnað á næstunni í Bláfjöllum. TF3GW leggur til að settur verði tónn til að opna Einar. HR leggur til bið á því þar til félagið getur lagt til hvernig almennir félagsmenn smíða tóngjafa við VHF stöðvar sínar. GW tekur að sér að finna tóngjafa.

9) TF3HP tilkynnir stjórn formlega að hann muni ekki gefa kost á sér í formannsstöðu næst.

Stjórnarfundur í Í.R.A. fimmtudaginn 5. október 2006.

1) Rætt um samskipti PoF og Í.R.A. v/ innflutnings á ó-CE merktum tækjum. Haldinn hefur verið fundur með PoF. Mál

en í vinnslu og niðurstaða ekki fengin.

2) TF3AO upplýsti að góðar innheimtur væru á félagsgjöldum ca. 40 væru búnir að borga útsenda giróseöla einnig er fjárhagsstaða Í.R.A. góð.

3) Rætt var um þær hugmyndir að koma upp link á milli 80m og 2m. Félagsmenn og utanfélagsmenn hafa verið að skoða það.

4) TF3AO ræddi afgreiðslu á leyfi til rússnesku klúbbsstöðvarinnar og voru engar athugasemdir gerðar við bréf TF3VS til PoF.

5) Rætt um uppsetningu SteppIR HF loftnetsins. Ákveðið að kaupa BuryFlex coax kapal í samfloti við TF3YH og bjóða félagsmönnum að nýta tækifærið og kaupa.

6) Farið yfir dagskrána og ákveðið að hafa umræðukvöld í næsta mánuði um svæðaskiptinguna og síðan í framhaldi að setja saman nefnd sem kæmi með tillögur um breytingar sem hægt væri að ræða á opnum fundi eftir áramótin. Einnig var rætt um að fá hóp manna sem færi yfir reglur fyrir útleikanna þannig að reglurnar yrðu einfaldari og þá jafnvel hægt að notast við hefðbundin loggforrit.

QSL Bureau

QSL Stjóri Í.R.A. Jón Gunnar Harðarson TF3PPN tilkynnir hækkun á QSL þjónustunni þar sem fyrra gjald stóð ekki undir kostnaði. Gjaldið er nú 4.00 krónur á kort.

Hann minnr einnig á að félagar athugi dagsetningar á nýju IRC miðunum sem gætu runnið út um áramót.

60 ára afmæli Í.R.A.

Eggert Steinsen TF3AS



TF3AS

Þegar TF3GW hringdi í mig og bað mig að segja eitthvað frá mínum fyrstu árum sem radióamatör gat ég ekki neitað því svo hér er ég kominn til þess að rabba dálítið um fortíðina. Ég er einn af elstu núlifandi

félögum, ég var ekki á stofnfundinum því þá var ég á Akureyri en gekk í félagið þegar ég kom suður um haustið til þess að halda áfram námi í Háskólanum. Sennilega er ég sá sem hefi haft amatörleyfi lengst af núlifandi amatörum en ég mun hafa fengið leyfið á árinu 1949 og þá fékk ég kallmerkið TF5AS, þar eð þá bjó ég á Akureyri

En mín fyrstu amatör sambönd voru á síðari hluta ársins 1946 en þá var ekki búið að leyfa amatörradíó. Fyrsta sambandið var auðvitað við Tóta þótt það sé ekki skráð í loggið. Ég hefi því verið í loftinu jafn lengi og félagið hefur starfað. Ég á ennþá loggbókina frá þeim tíma.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar á þessum 60 árum sem liðin eru frá stofnun félagsins. Það hefur orðið alger bylting í öllu á sviði fjarskiptamála bæði á tæknisviðinu og einnig á lagalegu umhverfi. Það væri efni í mörg erindi að fara að lýsa þeirri byltingu sem orðið hefur á tæknisviðinu og þeim mun á öllum aðbúnaði hjá okkur radióamatörum í byrjun tímabilsins og hvernig aðstöðu við höfum núna.

Í byrjun tímabilsins urðum við að smíða okkar senda sjálfir. Einstaka gátu þó komist yfir tæki sem eftir urðu þegar

herinn fór eftir stríðið.

Lagalegt umhverfi okkar hefur einnig gerbreyst, það er ekki litið á okkur sem hálfgerða óværu sem best væri að losna við. Í byrjun tímabilsins var allt drepíð í dróma, laga, reglugerða og banna. Nokkuð sem að mínu mati seinkaði allri framþróun á þessu sviði í áratugi.

Þetta voru samt ekki fyrstu kynni mín af radiói. Það er fyrst til að taka að áhugi minn á radiói hófst þegar ég hef verið 3-4 ára gamall. Við áttum þá heima í Laugardælum í Flóa, hjá afa mínum og ömmu. Faðir minn var þá framkvæmdastjóri fyrir byggingu Flóaáveitunnar. Hann hafði keypt útvarpstæki og hefur sennilega hlustað á útvarpsstöð Otto B. Arnar ofl og einnig á erlendar stöðvar. Tækið stóð á skrifborði afa og hafði ég mikinn áhuga á að skoða það nánar. Svo dag nokkurn þegar ég var einn í stofunni þá klifraði ég upp á skrifborðið til þess að kanna tækið nánar. Á þessum gömlu tækjum voru bæði lamparnir og spólurnar ofan á og ég gerði mér lítið fyrir og reif þessa hluti úr. Mér var sagt seinna að það hefði einungis einn lampi eyðilaggst. Eins og gefur að skilja var ég ekki sá vinsælasti á bænnum þann daginn.

Á þessu má sjá að snemma beygðist krókurinn.

Það var svo vorið 1934, þegar ég var 9 ára, að við fluttum til Akureyrar. Við fórum með Dettifossi og komum þar að nóttu til og það fyrsta sem blasti við mér þegar ég kom upp á dekk um morguninn voru tvö útvarpsmöstur sem stóðu á brekkubrúninni. Ég fór auðvitað að spyrja um hverju þetta sætti og var þá sagt að þau tilheyrðu útvarpsstöð sem

trúboðinn Arthur Gook, á Sjónarhæð, hefði sett upp en fengi ekki að starfrækja. En frá þessu var sagt í CQ. Ég man alltaf hvað mér barninu þótti þetta fáránlegt en svona var tíðarandinn óskiljanlegur þá. Ríkið varð að vera allt í öllu og útvarps og símamál voru reyrd í fjötra laga, reglugerða og banna, nokkuð sem ég held að hafi seinkað þróun þessara mála í áratugi eins og ég saði áðan.

Því má til gamans bæta við, nú á tímum þegar við höfum gervihnatta-sjónvarp inn í stofu hjá okkur þá hefur sennilega fyrsta móttaka á sjónvarpi hér á landi verið á Sjónarhæð.

Um 1930 var að hefjast tilraunastjónvarp í Bretlandi. Gook fékk lánaðan móttakara og í honum sáust þessar sendingar.

Á árunum fyrir stríðið las ég allt sem ég gat náð í um eðlisfræði og þá sérstaklega um rafmagn, Ég reyndi, með misjöfnum árangri, að gera ýmsar tilraunir sem lýst var í bókunum.

Ég og vinur minn Friðrik Adólfsson lögðum á milli okkar síma en á milli húsa okkar voru svona 200 m. Ekki höfðum við nú úr miklu efni að spila við þetta. Ég var ný fluttur í hús þar sem allar raflagnir höfðu verið endurnýjaðar og við fengum gömlu vírana sem við urðum að skeyta saman á mörgum stöðum. Við höfðum ein heyrnartól sem við skiptum þannig að hvor um sig hafði eitt tól. Við höfðum einn mikrófón en smíðuðum annan. Þetta var svo sem ekki merkilegt en það heyrðist á milli. Friðrik varð síðan útvarpsvirki og eftir að hann fór að læra það gerðum við tilraunir með smíði á ýmsum tækjum eins og ég kem að síðar. Ég var einnig að gera tilraunir með útvarp með öðrum kunningja mínum, sem heitir Matthías Björnsson

og varð síðar loftskeytamaður og var á skipum á stríðsárunum. Hann fékk síðan amatörleyfi fyrir nokkrum árum og er nú TF5MF

Einu sinni var ég á gangi á götunni fyrir framan hús Tóta Páls, Tóti var úti í glugga og kallaði á mig og bauð mér inn og sýndi mér stöðina sem hann var þá með. Þetta þætti ekki merkilegt núna, þetta voru tveir eða þrír lampar í sendinum en hann gat verið á öllum böndum frá 10 til 80 metrum. Hann hafði auðvitað smíðað stöðina sjálfur menn gátu þá ekki keypt tilbúnar stöðvar eins og nú.

Hann benti mér á að það væri best að byrja á því að smíða móttakara. Ég gerði það og smíðaði eins lampa móttakara fyrir stuttbylgjur. Mér höfðu áskotnast nokkuð mörg gömul eintök af dönsku radióblaði sem hét Radio Magasinet. Þar fekk ég teikningu, sem að vísu var af tveggja lampa tæki en ég átti ekki nema einn lampa svo ég varð að láta það duga. Ég varð að sleppa audio magnaranum. Á þetta tæki heyrði ég margar stöðvar í Evrópu svo og sterkar amatörstöðvar í næstu löndum. Þetta var veturinn 1939-40 en um vorið hernumdu Bretar landið. Þá var taugaveiklunin svo mikil að maður þorði ekki annað en pakka öllu draslinu saman og setja það niður í kjallara þótt hér væri einungis um móttakara að ræða. Síminn fór heim til Tóta til þess þ gera tæki hans upptæk með lögregluvaldi, þeir tóku eitthvað af gömlu drasli en sendinn fundu þeir ekki, Ég vann svo á símstöðinni sem sendill sumarpart 1940 og þá var dótið uppi í hillu á skrifstofu stöðvarstjórans, ég sá auðvitað hvers kyns var og hélt auðvitað kjafti. Svo sagði kunningi minn mér seinna að sendirinn hans Tóta hefði verið undir rúminu sínu allan veturinn!

Síminn var þá ekki betur að sér en þetta að hann þekkti ekki sendi frá gömlu dóti.

Ég sá það í bók Þórs Witehead að ég hafði verið á svörtum lista hjá Bretunum. Þykir mér ekki ólíklegt að þar hafi radióáhuginn komið til. Tóti var einnig á þessum lista enda var hann þá búinn að vera í fangelsi í Bretlandi. Bróðir Matta var einnig á listanum og sennilega hafa þeir tekið feil á bræðrum ef það hefur verið radióáhuginn sem hefur ráðið.

Þegar stríðinu var að ljúka og herinn var farinn frá Akureyri smíðuðum við Frissi tvær stöðvar fyrir 2 metrana eftir teikningu í QST. Ekki gengu nú þessar tilraunir nægilega vel, það heyrðist nú að vísu á milli ef þær voru í sama herbergi en þegar við ætluðum að tala okkar á milli þá heyrðist ekki neitt. Þegar Tóti frétti af þessu þá kom í ljós að hann var búinn að smíða stöð sem gekk fyrir batteríum. Með henni var hægt að tala þvert yfir götuna við stöðina hans Frissa. Það var áreiðanlega fákunnáttu okkar að kenna að þessi tilraun tókst ekki.

Ekki varð þetta algerlega til einskis, Frissi las einhversstaðar að það mætti nota RF til þess að eyða vörtum. Hann var með eina vörtu og prófaði nú að eyða henni og viti menn vartan hvarf.

Á stríðsárinum voru send dulmáls-skeyti sem voru 5 stafir hvert orð og hvert orð tvítekið. Þessi skeyti voru send mjög hægt og ég æfði mig í morsinu með því að taka á móti þeim.

Að stríðinu loknu hófst starfsemi radióamatöra að nýja. Það leið ekki á löngu þangað til ég fór að heyra í Tóta þegar ég var heima á Akureyri. Fyrir stríð hafði hann notað kallmerkið TF3C en núna notaði hann kallmerkið 3A sem breyttist fljótt í TF3A. Svo þegar leyfið loksins fékkst var því breytt í TF5TP. Ég byrjaði fljótlega að smíða mér sendi. Ég var nú ekki mjög sleipur í morsinu þannig að ég smíaði strax sendi fyrir tal og var að

mestu á fone. Þetta var nú ekki merkilegt tæki chassið var vindlakassi og víringin var undir en lokið var forplatan. Þetta gerði sitt gagn Ég notaði kallmerkið TF3X.

Við hættum í loftinu þegar gefin var út reglugerð um radióamatörleyfi og byrjuðum ekki aftur fyr en við fengum leyfin á löglegan hátt. Tóti fékk kallmerkið TF5TP og ég TF5AS.

Ég flutti svo suður 1951 og þá fékk ég kallmerkið TF3AS sem ég hefi haldið síðan.

Í fyrstu bjó ég á Seltjarnarnesi og notaði vertical (ground plane) á 20 m og notaði þakið fyrir radiala. Þegar ég flutti þaðan lenti ég oft á stöðum þar sem erfitt var með loftnet og var því starfsemin stopull en ég hefði óskað. Ég flutti svo í Kópavog fyrir 48 árum og síðan hefi ég getað sett upp loftnet þangað til núna að ég er í basli með það og einnig sjónvarps-trufilanir TVI.

Ég hóf störf á vitamálskrifstofunni 1958. Þá þurfti ég að ferðast mikið um landið og eftir að ég fór að ferðast á eigin bíl var ég alltaf með stöð í bílnum. Þá notuðum við tíðnina 3505 á tali en ég fékk einnig leyfi fyrir 2790 tíðninni sem Gufunes notaði. Skemmtilegt atvik kom fyrir á þessum árum ég var á leiðinni norður yfir Holtavörðuheiði og var í sambandi við TF3CJ, hann var með DSB stöð sem ég gat ekki tekið á móti nema hann setti inn karrier. Svo segir hann það er ómótaður karrier á bylgjunni og ég ætla að serobeata inn á hann og vittu hvort þú getur lesið mig. Þetta gekk og ég hafði samband við hann upp á heiði. Í annað skipti var ég í sambandi við TF3KA en ég var þá staddur á Raufarhöfn. Ég tunaði stöðina út í radiovitalofnetið, sambandið var mjög gott svo Kári hringdi heim í konuna mína og sagði hvernig hún gæti stillt móttakarann inn þannig að hún gæti hlustað á okkur. Hún gerði það og þetta

heyrðist mjög vel. Þetta var löngu fyrir tíma GSM og ef maður ætlaði að hringja heim varð maður að fara á símstöðina og bíða þar eftir því að símanum þóknaðist að gefa samband og oft var mikil örtröð á símstöðvunum þannig að biðin gat orðið löng. Móttakarinn var SX28 og þið getið séð hann hér á sýningunni. Í annað skipti var ég í sambandi við Villa TF3DX, hann var á leiðinni yfir Sprengisand og dró loftnetið á eftir bílnum en ég var á leið til Vopnafjarðar. Þegar við komum til Vopnafjarðar fengum við okkur að borða og fórum svo í háttinn eftir langan vinnudag en viti menn við erum nýsofnaðir þegar við erum vaktir og þar er Villi kominn en hvert hann var að fara vissi ég ekki.

Eitt sinn vorum við að gera tilraunir með stefnuvirkan radióvita við Ísa-fjarðardjúp. Við höldum til á Hjálpræðishernum, með mér var Nenni TF3S. Hann var með litla stöð og loftnetið strekktum við út í ljósastaur sem stóð í hæfilegri fjarlægð.

Einu sinn ætlaði félagið að gera tilraunir með VHF frá Hellisheiði og eitthvað austur á bóginn. Við Nenni vorum sendir á undan og vorum með stöð í bílnum, sem var Willys jeppi model 1947. Við lögðum á stað kvöldið áður en tilraunin átti að fara fram. Daginn eftir höldum við svo áfram og stoppuðum rétt austan við Hellu og fórum að hlusta á fyrirfram ákveðnum tíma (kl 12). Við heyrðum ekki neitt og snérum við en þegar við komum í námunda við Selfoss heyrðum við í líðinu. Þeir voru þá að vakna og vildu að við snérum við en við nenntum því ekki svo svona fór um sjóferð þá. Ég gæti talið upp ýmis fleiri svona atvik En þetta er ekkert nýnæmi fyrir ykkur þannig að ég ætla að láta hér staðar numið um þessa hluti.

Eins og ég hefi lýst hér að framan þá hefur amatórradió hefur verið hluti af lífi

mínu frá því eg smíðaði minn fyrsta sendi og til dagsins í dag. Það hafa auðvitað komið tímar sem ég hefi verið lítið sem ekkert við það, af ýmsum ástæðum, svo sem vinnu erfiðleikum við að setja upp loftnet ofl. Ég hefi alltaf haft meiri ánægju af að smíða tæki eða grúska í þeim heldur en að hafa mörg sambönd. Ég ákvað það fyrir löngu að þegar ég væri orðinn löggilt gamalmenni ætlaði ég að stunda þetta hobby þegar aðrir stunda spilamennsku eða eitthvað slíkt.

Á þessum tímamótum er ekki hægt annað en vað velta því fyrir sér hvert stefnir með þetta hobby okkar. Okkur er nauðsynlegt að fylgjast með framþróun tækninnar og tileinka okkur hana. Ég heyri að á ýmsum sviðum eigum við við sömu vandamál að stríða og í upphafi, svo sem loftnetsspekulashjónir en einnig er komið fram margt nýtt svo sem þegar TF3ARI stjórnar stöð sinni frá Florida í gegn um internetið. Þar er eftilvill fundin lausn á því eilífa vandamáli sem QRN er og einnig TVI þar sem það er vandamál

Að lokum vil ég óska félaginu alls velfarnaðar á komandi árum

Ég ætla nú ekki að þreyta ykkur meira að sinni.

73 de TF3AS

Fréttir úr Otradal.

Þorvaldur hafði samband við undirritaðan og sagði þær ánægju fréttir að hann hefði verið að koma úr augnskoðun í Reykjavík og þar hefði honum verið tjáð að framgangur augans sem hann slasaðist á væri það góður að ætlað væri að setja í hann gerviaugastein í janúar á næsta ári og mundi hann þá vera komin með 90% sjón á auganu og mundi ekki þurfa aðnota sterk gleraugu.

Til hamningju Þorvaldur og megi þér ganga allt í haginn.

73 de TF5BW

CQ WW RTTY 2006

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Eftir að hafa tekið þátt í CQ WW RTTY keppninni í september í fyrra, get ég alveg jafnað að löngun í að taka aftur í tækin hjá Þorvaldi í Vínretadal fyrir vestan, var talsverð. Það var því úr að þegar ég hafði rætt við kappann og hlotið hvatningu um að koma, að ákveðið að fara, hvort sem ég fengi einhvern með mér eða ekki.

Þegar ég fór að ræða við nokkra virka amatöra, kom í ljós að áhugi var upp og ofan, og sumir sem höfðu áhugann, komust ekki vegna annarrar skipulagningar. Það var úr að lokum að Jón Gunnar, TF3PPN, slóst í lið með mér.

Þar sem að ég fann fyrir því í fyrra að við hefðum þurft að vera lengur í keppninni heldur en raun var á, var ferðatilhögun aðeins breytt í þetta skiptið.

Farið yrði úr bænum á föstudagsmorgni, ekið í Stykkishólm, ferjan Baldur tekin yfir Breiðafjörð, og ekið þaðan í Otradalinn. Höfðum við báðir tekið frí úr vinnu þennan föstudag, svo og til hádegis á mánudegi.

Það var því lagt í hann um kl. 10 á föstudegi í björtu og falletgu veðri, og ekið sem leið lá í Stykkishólm, þar sem við áttum pantað far með bátnum. Þar sem við höfðum tíma fyrir okkur kíktum við í kringum okkur í Hólminum, og er þar margt fagurra húsa.

Sama blíðan var þarna sem og á stór Mosfellssveitarsvæðinu, og á ég nokkrar finar myndir þaðan svo af siglingunni yfir Breiðafjörðinn. Sjálfur hef ég ekki stundað mikið sjóferðir og var því smá kvíðinn yfir því að þurfa e.t.v. að fæða múkkann, ef slæmt yrði í sjóinn, en sem betur fer varð ekkert úr því. Ferðin var hin ánægjulegasta

og þægilegasta á allan hátt. Skipið er ansi gott og get ég ekki annað en hvatt menn til að nýta sér þennan ferðamáta.

Eftir í land var komið í Brjánslæk var brunað áleiðis yfir Dynjandisheiði og haldið niður í Arnarfjörðinn. Þarna var rennifæri, og heldur annað heldur en árinu áður, þegar talsverður snjór var á þessu slóðum.

Þegar í hlað var komið í Otradal, beið bóndinn eftir okkur, ásamt hundum sínum tveimur og tóku allir fagnandi komu þessara gesta. Þegar var gestirnir höfðu haft skóskipti og farið í gúmmistígvél var haldið í hina venjulega loftnetskyningu. Þó að undirritaður hafi fengið smjörþefinn af kynningunni árið áður, veitti sko ekkert af upprifjuninni og ekki hafði ég síður gaman af heldur en Jón Gunnar. Í ferð með Húsbilafélaginu, fyrr um sumarið, hafði Jón Gunnar ekið fram hjá Otradal, en hafði ekki tækifæri til að stoppa. Hafði hann séð þessa staura á stangli, en ekki gert sér grein fyrir umfangi “víraskógarins”, og varð við kynninguna, hálf orðlaus, eins og e.t.v. við flestir við fyrstu kynni. Nokkrar myndir voru teknar við þetta tækifæri og þær má finna á:

http://ira.is/myndaalbum/otradalur_sept_2006/index.html

Þá var farið að “taka í tækin” og skilyrðin athuguð. Virtist vera sem þau væru ágæt, m.a. var samband á RTTY til Kína og nokkur bæði á SSB og RTTY til Japan.

Uppúr kl. 23 fór að draga úr, og þegar ég leit aðeins út, þá var skýringin fundin, himininn hreint og beint logaði af Norðurljósum. Enda var það svo að fljótlega eftir að keppnin byrjaði, þá hægt og rólega dró úr og var svo um kl. 02 að ég gafst upp og lagðist til hvílu. En við höfðum fyrirfram ákveðið tímaskiptingu

og Jón Gunnar fór á fætur eldsnemma, en ekkert gekk betur hjá honum þá. Það var ekki fyrr en birta fór meira af degi að einn og öðrum fór að tínast inn. Þetta var þó talsverður barningur allan daginn, og aðfararnótt sunnudags var sem nóttin hin fyrri. Þó náðust í logginn fjarlægjar stöðvar sem og í Kína, Japan, Thailandi ofl. ofl. Ekki man ég þó eftir að VK eða ZL hafi náðst. Lægri böndin voru afleit, og kraðakið á 40metrum hjálpaði ekki til.

Eins og áður var sagt höfðum við breytt ferðatilhögun, og ákveðið að leggja ekki í stað í bæinn fyrr en snemma á mánudagsmorgni. Hjálpaði það talsvert uppá, þar sem þó nokkrir margfaldarar náðust seinnipart sunnudags. Þegar kvöldaði, var sem skilyrðin rynnu út í sandinn, og hættum við um kl. 21. Fór svo að lokum að samböndin urðu tæplega 1200, þrátt fyrir að markið hafi verið sett á 2000, en um er að kenna lélegum skilyrðum.

Tækjabúnaður stóð sig, ef frá er talinn 5KW Balun sem við “slátruðum”, en orsök þess var að “shunt” lína hafði vafist saman

í miklu hvassviðri, daginn áður en við komum í dalinn. Þorvaldur var nú ekki að tvínóna við hlutina, heldur sótti einn 20KW sem var til “úti í skúr”, setti hann upp og virkaði hann út keppnina.

Sem fyrr var viðurgjörningur og móttökur hinar alúðlegustu. Þorvaldur eldaði lærið sem höfðum haft meðferðis, eftir kúnstarinnar reglum og nutum við matar, meðlætis og drykkjar hið besta með þeim hjónum. Þökkum við þeim kærlega fyrir allt umstangið.

Á mánudagsmorgni var farið á fætur uppúr kl. 7 og við lögðum af stað úr Dalnum rétt fyrir kl. 8. En sem fyrr var sama blíðan alla leið í bæinn. Eftir um það bil 2ja tíma akstur mættum við fyrsta bíl, sýnir best hversu lítið er um mannaferðir á þessum slóðum.. Það voru ánægðir kappar sem voru komnir í Mosfellsbæinn um kl 12, og undirritaður sjálfur var mættur til vinnu kl. 13.

73 de

TF3AO

Takk fyrir lesturinn, 73 de TF3AO



Keppnismál

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Nokkuð er um liðið síðan ég skrifaði síðasta dálk um keppnismál félagsins og félagsmanna. Síðan hafa auðvitað verið fullt af keppnum, en ég mun aðeins stikla á stóru að þessu sinni. Enn sem fyrr veit ég um nokkra þátttöku okkar manna í hinum og þessum keppnum, en ekki fengið neinar upplýsingar um gengi þeirra. Það eru einna helst TF4M og TF3YH, sem hafa komið til mín niðurstöðutölum.

Þorvaldur tók þátt í SAC CW keppninni um miðjan september og hafði 579 sambönd og um 157.000 stig á aðeins u.þ.b. 6 klst. Helst ber að nefna sambönd sem hann hafði við 4O3B (OH2BH, Martti) á 80, 40 og 20metrum. Yngvi, TF3YH, var með í þessari sömu keppni, 1240 sambönd á um 18 klst. og gáfu þau 444.000 stig. Yngvi var þarna að nota 2ja elem. SteppIR netið í fyrsta skipti í keppni og gaf það góða raun. Á 40 metrum var hann með vertikal og öfugt L á 80 metrum. Eins og finna má í grein hér í blaðinu fór undirritaður ásamt TF3PPN í Otradalinn og notuðu TF4M í CQ WW RTTY keppninni, með þokkalegum árangri. Þá tók Jón Gunnar, TF3PPN þátt í PSK31 Rumble keppninni 7. okt. og var með um 150 sambönd. Síðast þegar ég heyrði frá Jóni var hann í 20. sæti af heildarfjölda keppenda. Vel gert Jón, og gaman að sjá að keppnisflugan hefur bitað þig ærlega þegar við fórum vestur.

Klúbbstöðin var virkjuð í CQ WW SSB keppninni, og notað var kallmerkið TF60IRA. Ekki það auðveldasta í keppni, en samt höfðum við 1629 sambönd og um 931000 stig. Útlitið fyrir þá keppnis-helgina var ekki bjart þó að SteppIR netið

hafi verið komið upp, því að rótorinn hafði slitið sig lausan af botnplötunni og vísaði loftnetið yfirleitt í þá átt sem það átti ekki að snúa. Með miklu harðfylgi valinkunnra manna, svo sem TF3GB, TF3JA, TF3PPN, TF3IGN, TF3FK, TF3GC ofl. ofl. var loftnetið komið í rétta átt seinni part sunnudags. Mesta athygli mína vakti gott gengi okkar á 80m, en reistur hafði verið vertikal á 18metra rápstöng svo að segja niður við sjó. Við höfðum 221 samband á þessu bandi, 13 svæði og 57 lönd. Nú svo að 10 metrarnir skyldu opnast og höfð voru 89 sambönd, og þó nokkur þeirra á laugardagskvöldinu þegar mikil Aurora var. Í heildina voru skilyrði léleg. Þeir sem voru á stöðinni: TF3DC, TF3YH, TF3HP, TF3TON og TF3AO. Þorvaldur tók þátt í þessari sömu keppni og eins og hann skrifaði mér: “..... hélt ég næði aldrei 500 QSOUm en það hafðist í restina”. Um var að kenna sterkri Auroru, eða eins og hann sagði: “himininn hreinlega logaði af Norðurljósum”.

Um aðra helgi fer fram CQ WW CW og heyrst hef ég að 4, eða jafnvel fleiri TF stöðvar sláist í hópinn með Þorvaldi og verði M/2 á kallmerki Þorvaldar. Óska ég þeim góðs gengis og lítillar (eða helst engrar) Auroru.

Takk fyrir lesturinn, 73 de TF3AO

**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

Pankastrik

Andrés Þórarinnsson TF3AM



TF3AM


Ég tók þátt í CQ WW DX ssb dagana 28. - 29. október sl. Ég var seinn fyrir og hóf ekki leikinn fyrr en eftir hádegi á laugardeginum. Ég fann að ég hafði ekki nægt afl til að halda tíðni en það gekk ágætlega að fiska, þannig komu 30 sambönd á klst til kvölds á 15m og 20m. Svo hurfu skilyrðin og ekkert gekk. Aðeins eitt samband á 80m og 33 sambönd á 40m um kvöldið og nóttina. Þegar ég hætti upp úr hádegi á sunnudeginum, þá voru alls 332 sambönd í logginum, 23 zónur og 95 lönd alls á 4 böndum. Ég rétt heyrði í TF3IRA en heyrði síðar að þeim hefði gengið þokkalega. Fyrir ári síðan, þá komu tvöfallt fleiri sambönd, þar af fjölmörg á 15m og 10m, og 55 á 80m.

Ég notaði í fyrsta sinn IC-7000 stöð í stað IC-706MkIIg sem ég hafði áður. Að einu leiti er hún betri, það er hægt að fá meðheyrn í heyrnartólin sem er mjög gagnlegt, bæði þegar kallið er spilað frá tölvunni, og ekki síður þegar talað er í hljóðnemann. Í báðum tilfellum hjálpar meðheyrnin mjög.

Nú er CQ WW DX cw framundan, verður 25. - 26. nóvember nk. Ég tók þátt í cw keppni fyrr á árinu og það var auðveldara en ég hélt, því hugbúnaður í tölvunni sá um að þýða fyrir mig og það hjálpaði mjög. CW keppni er auðveldari á þann hátt að morse kemst miklu betur til skila en tal og því nægir minna afl. Í raun þarf einungis að vera skipulagður og hafa alla hnappa rétt forritaða og þá má hafa gaman af. Fyrst er ýtt á F1, svo á F2 og loks á F3 og þá er sambandið komið, tekur 5-10 sek. Snillingarnir þurfa samt enga

tölvu til að þýða fyrir sig, eins og TF3CW, TF3GB og fleiri, sem hafa náð ótrúlega góðu skori hvað eftir annað á liðnum árum.

73 de TF3AM



Skýringin á slöku gengi verður augljós þegar litið er á norðurljósakortið fyrir aðfarnótt sunnudags, eldrautt af styrk 10 og Ísland á kafi. Eiginlega ættum við TF-menn að fá forgjöf í keppnum, þegar svona stendur á.

Fánasjóður Í.R.A.

Á afmælisfundi félagsins í september s.l. lögðu þau hjónin, Haraldur TF3HP og Málfríður TF3FH, fram peninga sem notaðir yrðu til kaupa á fána fyrir félagið svo hægt væri að flagga þegar tilefni gæfust. Enn fremur gaf enn einn okkar félaga til söfnunarinnar, en hann vildi ekki að sín yrði getið.

Þegar þetta er skrifað, stendur sjóðurinn í 15.000 kr.

Þeir sem vilja veita þessu málefni lið, skal bent á að reikningur fyrir þessa söfnun hefur númerið: **0116-05-64233** Kennitala ÍRA er **610174-2809**

73 de TF3AO gjaldkeri ÍRA

Spurt svarað í CQ TF

Óskar Sverrisson TF3DC

Eins og flestir félagar vita hafa norðurljósin áhrif á skilyrðin til fjar-skipta um lengri vegalengdir (DX).

Norðurljósakraginn hefur gengið undir nafninu “norðurljósahatturinn” í daglegu tali Í.R.A. félaga.

Heimild: Háskóli Íslands, Vísinda-vefurinn


Af hverju stafa norður- og suður-ljósin?

Yfirborð sólarinnar sendir í sífellu frá sér svokallaðan sólvind, en hann er straumur hlaðinna agna, aðallega róteinda og rafeinda. Segulsvið jarðar hrindir flestum þessum ögnum frá svo að þær streyma umhverfis hana eins og vatn um kjöl. Undantekning frá þessu er kringum segulpólana en það eru pólarirnir sem segulnálfar á, annar á norðurhveli og hinn á suðurhveli jarðar, gagnstætt við

hinn. Á svæðum kringum þessa póla sleppur lítill hluti þessara agna inn í segulsvið jarðar. Svæðið þar sem flestar agnirnar sleppa inn myndar kraga utan um segulpólana.

Hlöðnu eindirnar sem fara inn í segulsvið jarðar hreyfast á miklum hraða eftir gormlaga brautum kringum segulsviðslínurnar milli segulskautanna. Raf-eindir og róteindir streyma þannig í átt að segulpólunum og þegar nær dregur pólunum rekast eindirnar á lofthjúpin, oftast í milli 100 og 250 km hæð. Orkan í raf-eindunum og róteindunum örvar sameindir og frumeindir í lofthjúpinum en þær senda aftur á móti frá sér orkuna sem sýnilegt ljós sem við köllum norðurljós eða suðurljós eftir því við hvorn pólinn þau sjást. Lítirnir sem við sjáum oftast eru grænn og rauð-fjólublár, en þeir stafa frá örvuðu súrefni annars vegar og örvuðu köfnunarefni eða nitri hins vegar.

Eins og áður sagði eru áhrif sólvindsins mest á kraga kringum segulpólana og þar eru norður- og suðurljósin einnig mest áberandi. Á Íslandi erum við svo “heppin” (uhmm .. (innskot)) að vera í norðurljósakraganum að nóttu til við eðlileg skilyrði. Breytingar í sólvindinum valda því hins vegar að kragarnir geta stækkað eða minnkað og sjást þá ljósin á mismunandi breiddargráðum. Sem dæmi um þess konar breytingar má nefna að sólin sendir stöku sinnum frá sér gifurlegt magn af efni út í geiminn, svokallaða sólstróka. Þegar þeir ná til jarðarinnar geta norður- og



suðurljósakragarnir náð mjög langt í átt að miðbaug og dæmi er um að orðið hafi vart við ljósaganginn á sjálfum miðbaugnum.

Hvers vegna er miðja norður-ljósabeltisins á norðurhveli jarðar skammt vestur af Qaanaaq á Grænlandi, en ekki á segulskautinu eða norðurpólnum?

Miðja norðurljósanna er ekki alltaf skammt vestur af Qaanaaq á Grænlandi, en getur verið það. Eins og fram er þá mynda norðurljósinn kraga utan um segul-norðurpólinn. Í reyndinni er segul-norðurpólinn ekki nákvæmlega í miðju þessa kraga. Ástæðan er sú að segullínur jarðarinnar eru aflagaðar af sólvindinum sem flæðir umhverfis jörðina (sjá fyrrnefnt svar). Þannig þjappar sólvindurinn segul-línunum saman á daghlið jarðar, en togar úr þeim á næturhliðinni. Á daghliðinni myndast norðurljósinn því við hærri breiddargráður en á næturhliðinni.

Myndin á fyrri síðu sýnir þetta, en þar má sjá útgeislun frá efri loftþjúp jarðar af völdum norðurljósanna (kragi) og sólarinnar (skjöldurinn vinstra megin á myndinni). Segul-norðurpólinn er í miðju minnsta hringsins á myndinni og sólin skín frá vinstri. Eins og sést á myndinni er norðurljósakraginn þynnri og við hærri breiddargráður á daghliðinni. Ef miðað er við innri rönd norðurljósakragans virðist miðjan vera skammt austan við Qaanaaq (staðsett með hvítum punkti nálægt segul-pólnum), en ef miðað er við ytri röndina lendir miðjan skammt fyrir suð-austan Qaanaaq. Þar sem norðurpólinn og segul-norðurpólinn eru ekki á sama stað, þá færast þessi sýnilega miðja norðurljósakragans þegar jörðin snýst, en heldur sig ávallt í grennd við segul-norðurpólinn og yfirleitt næturmegin við hann.

73 de TF3DC

CQ WW SSB og CW 2005

Óskar Sverrisson TF3DC

Jón Ágúst, TF3ZA, er einn áhugasamasti og virkasti radióamatörinn um þessar mundir.

Nýlega birtust úrslit úr CQWW SSB og CW keppnum 2005, en þær fara fram í lok október og lok nóvember ár hvert. Eins og sjá má í töflunni tók Jón Ágúst þátt í “single operator - all bands” flokknum í SSB keppninni og var stigahæstur íslendinga í þeim flokki með tæplega 1,2 millj. stig, þ.e. ríflega 3 þús. sambönd og 321 margfaldara sem eru CQ svæðin og DXCC lönd eins og flestir vita. Hér má sjá úrslitin í flokki einstaklinga:

SSB úrslit fyrir Ísland

TF3ZA	A	1.188.894	3038	70	251
TF3AM	A	209.888	713	51	173
TF3MA	A	64.908	218	39	119
TF3CW	14	269.892	1078	22	80

CW úrslit fyrir Ísland

TF3CW	14	379.538	1700	22	87
TF3GB	A	182.160	498	42	142

Úrslitin í heild má sjá á vefnum undir:

<http://www.cq-amateur-radio.com/cqwwhome.html>

Við óskum Jóni Ágústi að sjálfsögðu til hamingju með glæsilegan árangur í keppninni.

73 de Óskar Sverris., TF3DC



TF3HS Silent Key

Jón Þóroddur Jónsson TF3JA

Hallgrímur Steinarsson, Haddi TF3HS eins og við þekktum hann best, lést 27. ágúst á þessu ári. Við sendum eftirlifandi eiginkonu hans Sigrúnu TF3YL og fjölskyldu, okkar samúðarkveðjur.

Haddi varð radíóamatör á árinu 1965 að loknu námskeiði sem haldið var það ár á vegum ÍRA. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. desember 1965. Haddi sat lengi vel í stjórn félagsins og gengdi þar ýmsum störfum. Hann var kosinn formaður 1. febrúar 1969.

Haddi var mikilvirkur amatör lengi vel og tók mikinn þátt í störfum ÍRA bæði innan og utan stjórnar. Við minnumst margra skemmtilegra vallardaga frá þeim tíma sem Haddi og Sigrún voru virk í félaginu.

Haddi var aðal driffjöðurinn í uppsetningu og smíði Péturs á Skálafelli og til margar skemmtilegar myndir af því þegar Pétri var fyrst komið fyrir í heljarmiklum málmkassa með áfastri vindrafstöð utandyra á toppi fjallsins. Seinna var Pétur

fluttur inni í hús Símans á fjallinu og þar er hann enn.

M a r g a r skemmtilegar minningar koma upp í hugann frá þessum tíma og ýmislegt var rætt ekki bara um radíó heldur líka lífið og tilveruna.

Haddi var hjálpsamur og reyndi alltaf kalla fram betri hliðina á tilverunni.

73 Haddi de TF3JA

